

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
104. fundur.

Miðvikudaginn 27. apríl 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 11.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Ársreikningur Húnavatnshrepps 2010, seinni umræða.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011, fyrri umræða.
4. Stjórn foreldrafélags Húnavallaskóla og fulltrúar í starfshópi um samrekstur skóla á Húnavöllum mæta til fundar.
5. Afgreiðsla á tilboðum í skólaakstur.
6. Fundargerðir.
 - a) Stjórnar Auðkúluheiðar ehf, dags. 9. mars 2011.
 - b) Stjórnar Auðkúluheiðar ehf, dags. 11. apríl 2011.
 - c) Stjórnar Auðkúluheiðar ehf, dags. 14. apríl 2011.
7. Bréf.
 - a) Frá Skipulagsstofnun dags. 13. apríl 2011.
8. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.10

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Kynntar voru fjórar umsóknir sem borist hafa í skólastjórastöðu við sameinaða skóla á Húnavöllum. Fræðslunefnd mun fá umsóknirnar til umfjöllunar.

Ræddur undirbúningur og dagskrá sveitarfundar. Trausti Þór Sverrisson skólastjóri Tálknafjarðarskóla, sem átti að vera með framsögu varðandi sameiningarferli skólastofnana, hefur boðað forföll.

Starfshópur um samrekstur skóla á Húnavöllum mun hafa framsögu og svara fyrirspurnum varðandi sameiningarferlið.

Þorleifur Ingvarsson hefur sagt upp starfi sínu sem skrifstofustjóri Húnavatnshrepps frá og með 1. maí 2011.

Kynnt erindi frá hluta starfsfólks Húnavallaskóla og Vallabóls, sem barst rétt fyrir fundinn, þar sem starfsfólk kemur skoðunum sínum á framfæri við hreppsnefnd, varðandi sameiningu skólastofnana á Húnavöllum og ráðningu skólastjóra.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

104. fundur.

2. Ársreikningur Húnavatnshrepps 2010, seinni umræða.

Fyrir fundinum liggur ársreikningur Húnavatnshrepps vegna ársins 2010, ásamt sundurliðunarskýrslu og skýrslu endurskoðanda.

Ársreikningur Húnavatnshrepps var borin upp til atkvæða og samþykktur samhljóða.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011, fyrri umræða.

Fyrir fundinum liggur endurskoðuð fjárhagsáætlun ársins 2011. Farið var yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á áætluninni.

Fjárhagsáætluninni var vísað til annarar umræðu.

4. Stjórn foreldrafélags Húnavallaskóla og fulltrúar í starfshópi um samrekstur skóla á Húnavöllum mæta til fundar.

Til fundar mættu; Pétur Pétursson úr stjórn foreldrafélagsins, Jón Gíslason úr starfshópi um samrekstur skóla á Húnavöllum og Guðjón Ólafsson fræðslustjóri sem var faglegur ráðgjafi hópsins.

Rætt var um bókun stjórnar foreldrafélags Húnavallaskóla frá 11. apríl 2011. Farið var yfir ákvarðanatöku og kynningarferli vegna sameiningar skólastofnana á Húnavöllum.

Gagnlegar umræður fóru fram og kom fram almennur vilji fundarmanna um að gott samstarf geti verið um þessi mál.

Pétur, Jón og Guðjón yfirgáfu fundinn.

5. Afgreiðsla á tilboðum í skólaakstur.

Oddviti fór aðeins yfir þau tilboð sem bárust og kynnti þá umræðu sem fram fór um málið í undirbúningsnefnd.

Meirihluti nefndarinnar leggur til við hreppsnefnd að tilboði Egils Herbertssonar í skólaakstur fyrir Húnavallaskóla verði tekið.

Rökin eru þau að Egill var eini aðilinn sem bauð í allar akstursleiðir og engin önnur tilboð bárust í tvær akstursleiðir. Einnig hefur Egill gert þá breytingu á hópi bílstjóra sem nefndin sættir sig við.

Eftirfarandi tillaga var borin fram af A-lista:

A-listinn telur að ekki séu forsendur til að hafna tilboði í skólaakstur frá Bjarna Ingólfssyni. Bjarni hefur staðið sig afar vel sem skólabílstjóri undanfarin ár og almenn ánægja meðal foreldra með hans störf.

A-listinn leggur til að gengið verði til samninga við Bjarna Ingólfsson, sem er lægst bjóðandi í akstursleið 2, Blöndudalur-Svínadalur.

Minnt er á að tilboð Bjarna er í samræmi við útboðsskilmála um tilboð í einstaka akstursleiðir.

Um aðrar skólaakstursleiðir verði samið við Egil Herbertsson.

Tillagan var borin upp til atkvæða og felld með 4 atkv. (ÞS, JS, MS, IS) gegn 3 (BM, GRH, JEP)

E-listinn telur sér ekki fært annað en að taka undir álit meirihluta undirbúningsnefndarinnar þrátt fyrir góð störf Bjarna Ingólfssonar sem skólabílstjóra á undanförunum árum, og leggur til að tilboði Egils Herbertssonar í skólaakstur fyrir Húnavallaskóla verði tekið. Í tilboði Egils er skýrt tekið fram að það miðast við að samið verði um allan akstur skv. útboðsgögnum en ekki einstakar leiðir.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt með 4 atkv. (ÞS, JS, MS, IS) 3 sátu hjá.(BM, GRH, JEP)

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
104. fundur.

6. Fundargerðir:

a) Stjórnar Auðkúluheiðar ehf, dags. 9. mars 2011.

Lögð fram til kynningar.

b) Stjórnar Auðkúluheiðar ehf, dags. 11. apríl 2011.

Lögð fram til kynningar.

c) Stjórnar Auðkúluheiðar ehf, dags. 14. apríl 2011.

Lögð fram til kynningar.

Sveitarstjóra falið að fara með atkvæði Húnavatnshrepps á aðalfundi Auðkúluheiðar ehf, sem fram fer 2 maí n.k.

7. Bréf.

a) Frá Skipulagsstofnun dags. 13. apríl 2011.

Efni: Varðar umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í landi Æsustaða í Langadal. Skipulagsstofnun mælir ekki með veitingu framkvæmdaleyfis.

Lagt fram til kynningar.

8. Önnur mál.

Oddviti kynnti aðalfund Veiðifélags Blöndu og Svartár sem fram fór þann 23. apríl s.l.

Magnús Sigurðsson gerði grein fyrir því að vegna gagngerðra breytinga á húsnæði félags- og skólaþjónustunnar á Flúðabakka 2. Verður opið hús föstudaginn 6. maí. frá kl. 14-16.

Kynnt var að ársfundur Starfsendurhæfingar Norðurlands vestra verður haldinn mánudaginn 9. maí kl. 17.00 að Löngumýri í Skagafirði.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15.55

Þóra Sverrisdóttir

Björn Magnússon

Jakob Sigurjónsson

Jóhanna E. Pálmadóttir

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen